

rædds vixils færzt yfir á 2. dez. og sé þá vixillinn löglega afsagður samkvæmt ákvæðunum í 91. gr. vixillaganna.

Það er nú að visu svo, að 1. dez. er ekki löghelgur dagur. Hinsvegar hafa undanfarin ár verið hátiðahöld dag þenna til minningar um viðurkenningu fullveldis Íslands árið 1918. Hefir dagurinn jafnframt um nokkurt skeið undanfarið verið bankafridagur og að nokkru leyti frídagur náms-, skrifstofu- og verzlunarfólks. Þykir því mega láta ákvæðin í fyrstu setningu 91. greinar vixillaganna taka til dags þessa með lögjöfnun (analogiu) og var þá gjalddagi vixils þess, sem hér um ræðir fyrst 2. dez. Hefir vixillinn því að álitni réttarins verið afsagður innan lögmæltis tíma og verða þá úrslit málsins þau, að mótmæli stefndra verða ekki tekin til greina, heldur ber að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 4. maí 1934.

Nr. 28/1934. **Réttvísín** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Friðbirni Þorkelssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Stuldur.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. dez. 1933: Friðbjörn Þorkelsson, lausamaður, síðast til heimilis á Öldugötu nr. 16 í Hafnarfirði, sæti 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og greiði hann allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað. Peningar þeir, að upphæð kr. 29,13, er fundust á ákærðum og í vörzlum hans, teljast vera tilheyrandi þurrabúðarmanni Ólafi Guðmundssyni, áður til heimilis á Öldugötu 16 í Hafnarfirði, nú til heimilis í Ingólfsstræti nr. 19 í Reykjavík, og afhendist manni þessum samkvæmt kröfu hans. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja fram komnar svo öruggar líkur

fyrir því, að ákærði hafi þrátt fyrir neitun sína, tekið ófrjálstri hendi peninga þá, er í málinu greinir, að hann verði dæmdur sekur um þann verknað, er varðar við 2. málgr. 6. gr. laga nr. 51/1928. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu hennar næstu fimm ár frá uppkvaðningu dóms þessa, og niður skal hún falla að þeim tíma liðnum, ef kærði heldur skilorð laga nr. 39/1907. Ákvæði héraðsdómsins um afhendingu hinna stolnu peninga og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert við meðferð málsins í héraði.

1. Að dómariinn hefir ekki fengið ótvíræða yfirlýsingu þess manns, er hina stolnu peninga átti, um það, að hann krefðist málshöfðunar samkvæmt 2. málgr. 6. gr. laga nr. 51/1928 út af brotinu. En þar sem þessi maður krafðist afhendingar á þeim, en þess var ekki kostur nema dómur gengi í málinu, af því að ákærði synjaði fyrir verknaðinn, þykir mega skýra þessa kröfu svo, að hún innifeldi jafnframt í sér kröfu um málshöfðun og dóm í málinu.

2. Að héraðsdómariinn hefir höfðað mál gegn ákærða fyrir brot á „230. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869“, enda þótt sú grein sé berum orðum úr lögum numin með 2. mgr. 17. gr. laga nr. 51/1928, og málið skyldi höfða samkvæmt 2. málgr. 6. gr. sömu laga. Þessi misgáningur dóm-

arans þykir þó ekki þurfa að varða ómerkingu málsmeðferðar og dóms í héraði, með því að ákærða mátti allt að einu vera það ljóst, fyrir hvaða verknað mál skyldi á hendur honum höfðað.

3. Að héraðsdómariinn hefir dæmt ákærða fyrir brot á 230 gr. áðurnefndra hegningarlaga, í stað 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 51/1928.

4. Að þess finnst ekki berum orðum getið í prófum málsins eða dómi, að þær 25 krónur, sem fundust undir klæðaskáp í herbergi ákærða hafi verið í peningaseðlum sömu tegundar sem þeir peningar, er hurfu úr kómóduskúffu Ástu Guðmundsdóttur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Friðbjörn Þorkelsson, sæti 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar næstu 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, og niður skal hún falla að þeim tíma liðnum, ef ákærði heldur skilorð laga nr. 39/1907. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um afhendingu hinna stolnu peninga og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar meðtalin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Þegar húsfreyja Ásta Guðmundsdóttir, 24. maí þ. á. kl. 2¼ e. m., yfirgaf heimili sitt, Öldugötu 16 hér í bænum, kveðst hún hafa falið húsið umsjá 9 ára gamals pils, Róberts að nafni, sem er sonur hennar og þurraþúðarmanns Ólafs Guðmundssonar, á meðan hún væri stutta stund í burtu, og er hún kom aftur heim til sín, sagði Róbert þessi móður sinni, að þegar hún hefði verið búin að vera ca. ½ tíma í burtu, hafi ákærður, Friðbjörn Þorkelsson, lausamaður, sem þar bjó einn sins liðs uppi á lofti í fyrgreindu húsi, 45 ára að aldri, sem eigi áður hefir sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, farið þess á leit við Róbert, að hann færi fyrir sig að ná í brauð, en er drengurinn sagðist eigi mega fara svo langt að heiman eða frá húsinu samkvæmt fyrirlagi móður sinnar, hafi hann bent ákærða á annan dreng, í næsta húsi, og hann svo farið þangað eftir tilmælum ákærðs, en þegar hann hafi komið heim aftur, eftir ca. 4 mínútur, hafi hann séð ákærðan inni í svefnherberginu þar niðri í húsinu, og hafi þá hurðin á milli stofunnar og svefnherbergisins verið opin. — Út af þessari frásögn sonar sins kveðst velnefnd húsfreyja hafa aðgætt, hvort peningar, sem þar áttu að vera í kommóðuskúffu í stofu inn af svefnherbergi þeirra hjóna, að hana minnti samtals 29 kr. 15 a., væru þar, geymdar þar í pappakassa, peningar þessir þá verið horfnir, og hún þá sent son sinn til þess að ná í lögregluþjón, er þangað kom svo brátt. — Þegar svo lögregluþjónninn minntist á peningahvarfið við ákærða, kvaðst hann ekki eiga nema kr. 4,13, er hann fann á ákærðum, en litlu síðar fann hann í herbergi ákærðs 25 krónur í bankaseðlum án umbúða á gólfi í herbergi ákærðs undir klæðaskáp þar, en aðrir eða meiri peningar voru eigi finnanlegir á ákærðum eða í íbúð hans neinstaðar. — Hefir áðurnefnd húsfreyja síðar gert sennilega grein fyrir því, að umræddir peningar, sem hún segir að horfið hafi í umrætt skipti, og tilheyrt hafi Adventistasöfnuði, sem þau hjónin eru í, aðeins hafi verið samtals kr. 29,13, eða sama upphæð er í umrætt skipti fannst í vörzlum ákærðs, sem og eigi á neinn ábyggilegan hátt hefir getað gert grein fyrir því, að hann þá áður þann sama dag hafi átt eða verið með nokkra peninga, og sem

líkur fyrir því, að hann hafi þá verið févana, bendir það, að hann það drenginn, Róbert, að láta skrifa hjá sér í reikning, eða að fá umrætt brauð til láns, er hann það Róbert að sækja fyrir sig, og er gengið var á ákærðan með peningaeign hans, sagði hann, að ef aðrir peningar fyndust í íbúð hans, en þeir er lögregluþjónninn fann í vasa hans, þá væru þeir stolnir, en síðan látið svo ummælt, að ef hann hafi sagt þetta, þá hljóti það að hafa verið í ölaði sagt af honum, og jafnframt skýrt frá því, að hann þennan sama dag hafi verið búinn að drekka nálega þriggja pela flösku af suðuspritti, og verið orðinn mikið ölvaður, þótt aðrir eigi hafi séð það, en vel kveðst hann þó muna eftir því, að hann í umrætt skipti eigi hafi farið nema inn í eldhúsið þar niðri í húsinu á meðan Róbert var í burtu, en hann farið þangað niður af því að honum hafi heyrst gengið um niðri á meðan, og drengurinn Róbert hefir skýrt svo frá að hann sjálfur á meðan móðir hans var úti, hafi farið inn í stofu, er peningarnir hurfu úr, til þess að gá að henni út um glugga þar, áður en ákærður það hann sækja brauðið.

Hefir ákærður neitað að hafa tekið umrædda peninga eða að hafa farið inn í stofu þá þar niðri í húsinu, er þeir áttu að vera geymdir í, en á hinn bóginn kveðst hann ekki muna eftir því, hvenær hann hafi látið peningana undir skápinn í herbergi hans, en þar muni hann hafa látið þá vegna þess að koffort hans hafi verið læst og hann verið búinn að týna lyklinum að því, en þessi sögu-sögn ákærða kemur í bága við skýrslu umrædds lögregluþjóns fyrir rétti, um að umgetið koffort hafi verið ólæst, er hann framkvæmdi rannsóknina í herbergi ákærða þá um daginn.

Samkvæmt því er að framan segir, einkum það, að á ákærðum og í vörslum hans fundust peningar samskonar og samtals sömu upphæðar og saknað var af velnefndri húsfreyju, og að hann eigi á nokkurn hátt hefir gert sennilegt, að honum sjálfum hafi áður tilheyrt nokkrir peningar í umrætt skipti, heldur jafnvel hið gagnstæða, miðað við skýrslu oftnefndrar húsfreyju og umrædds lögregluþjóns, virðist mega álykta með vissu, að ákærður sé valdur að umræddu peningahvarfi, enda og ekkert komið fram, er útiloki að svo hafi verið, og virðist afbrot þetta

mega heimfæra undir ákvæði 230. gr. hinna almennu hegningarlaga sem einfaldan þjófnað, og hegning sú, er ákærður hafi til unnið, hæfileg, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, svo þer honum að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, en umrædd fjárupphæð, kr. 29,13, telst vera tilheyrandi þurrabúðarmanni Ólafi Guðmundssyni, fyr á Öldugötu nr. 16 í Hafnarfirði, en nú til heimilis í Ingólfsstræti nr. 19 í Reykjavík.

Föstudaginn 4. maí 1934.

Nr. 95/1933. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
 gegn

Martin Müller (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 26. febr. 1933:
 Kærður, Martin Müller, greiði 17500,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi níu mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri um borð í togaranum, „Birgitte Richardson“ P. G. 317 frá Wesermünde, skal upptækt og andvirðið renna í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þótt tökustaður togarans, er kærði var skipstjóri á, sé $\frac{1}{2}$ sm. utan við landhelgi, sýna staðarmælingar og miðunarlinur varðskipsins til hans kl. 12,51, 13,06 og 13,13, að togarinn hefir allan þann tíma verið inni á landhelgissvæðinu. Þar sem þessum mælingum hefir eigi verið hnekkt og þar sem kærði hefir viðurkennt, að hafa þennan tíma verið að